

10. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 5. júní kl 18:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Einar Ólafsson, ritari, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Halla Karí Hjalted formaður tækninefndar kvenna, Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum. Jósep Húnfjörð meðstjórnandi, Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum og Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum boðuðu forföll.

Dagskrá

1. Ný heimasíða, kynning á henni og tímasetning á opnun

Arnar Ólafsson formaður UT-nefndar FSÍ kynnir nýja heimasíðu FSÍ. Áætlað er að setja heimasíðuna í loftið 1 ágúst 2012.

Bókun: stjórn FSÍ þakkar UT-nefnd FSÍ fyrir frábæra vinnu við gerð nýrrar heimasíðu Fimleikasambands Íslands.

2. Erindi til stjórnar FSÍ varðandi Side Event sem haldið er samhliða Evrópumótinu í hóp fimleikum í Árrósum Danmörku 17-21 október 2012.

Tækninefnd í hóp fimleikum leggur til að FSÍ eigi fulltrúa á ráðstefnu sem haldinn verður samhliða EM 2012 í Danmörku. THF óskar þess að fá að tilnefnda tvo fulltrúa FSÍ sem taka þátt í ráðstefnunni. Ráðstefnan er haldin af UEG í samstarfi við dönsku tækninefndina í Team gym. Öllum samböndum innan UEG býðst að senda tvo fulltrúa á ráðstefnuna. Allt upphald eins og gisting, matur og samgöngur á staðnum eru greidd af UEG.

Greinagerð: THF telur mikilvægt að senda fulltrúa á þessa ráðstefnu. Rædd verða málefni sem verða mikið til umræðna á Íslandi á næstu árum. Farið verður vel í það hvernig danska sambandið hefur byggt upp sínar barna- og unglingskeppnir en sprenging hefur orðið í fjölda þátttakenda á mótum hjá okkur. Mikil vinna er því framundan varðandi endurskipulagningu og endurskoðun reglna og mótafyrirkomulagsins. Eins verður rætt um uppbyggingu stórmóta og hvernig best sé að halda stórmót, en Ísland á að halda NM unglings og fullorðinna 2014.

Málið rætt:

Stjórn FSÍ samþykkir að greiða flugfargjald fyrir tvo fulltrúa á ráðstefnu sem haldinn verður í tengslum við Evrópumótinu í hóp fimleikum í Árrósum Danmörku 17-21 október 2012. THF er falið að tilnefna tvo fulltrúa til fararinnar.